

Fundur 2.10.2023 Bodan Janowitch frá Úkraínu.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið, velkominn.*

Ánægjulegt að tala við ykkur, allt er þetta mjög nýtt. Ég ferðaðist aldrei svona langt en eftir að ég kom hingað finnst mér gamli hnötturinn hafa skroppið saman og ég hef heyrt sögur af alls konar fólki í ýmsum löndum og ástand okkar hefði verið miklu betra ef við hefðum ekki átt þennan nágranna og ef við hefðum ekki verið undir stöðugum þrýstingi og þvingunum frá umheiminum.

Mér var falið að boða trú okkar og stjórnmalaskoðanir og ég er mjög forvitinn að vita hvernig gengur í fjarlægum hornum jarðarinnar og baráttuna að frelsa mitt land undan einræði og mér finnst það stórmerkilegt sem ég hef heyrt að þið séuð með stöð til að hlusta á okkur á stjórnunum á Íslandi og forfeður mínir áttu samskipti við ykkar þjóð, veit ég samkvæmt gömlum sögum sem ég lærði og víkingana.

Okkur er sagt að mikilvægt sé að tala við ykkur á jörðinni og fá ykkur alla í þessa baráttu gegn einræði og hef ég gjarnan áhuga á því að segja frá því hversu undarlegt mér fannst að koma hér fram og öllum þeim nýju og fornu Guðum sem við hér tignum og vona ég að einnig vinnist sigur í þessum heimi eins og í gamla landinu.

Ég bjó í minni íbúð með fjölskyldunni, en þurfti svo að sinna skyldum fyrir land og þjóð og ég slapp margsinnis áður en ég féll, en það er, við æstum okkur upp í það að hugsa ekki um dauðann og hugsa ekki um hvað yrði, heldur einbeita huganum að andartakinu og þeim verkefnum sem við urðum að vinna.

Og er ég hér einnig staddur í þeim sporum að boðskapur sá sem mér var boðaður á jörðinni er mér boðaður hér af öðrum hershöfðingjum og er þetta stríð ekki minna og finnst mér loftið súrara að anda að sér og var það þó orðið slæmt á köflum en eflumst við í bardaganum þótt við særumst og finn ég máttinn frá félögum mínum og var okkur kennt að Slavar eigi að sigra Rússa og hin spilltu vesturlönd.

Er ég Úkraínu maður féll ég í stríðinu fyrir ári síðan, nafn mitt er Bodan Janowitch.

Eru hér mikil teikn á lofti og rökkur yfirleitt yfir, ekki geri ég mér grein fyrir því hvort það er vegna sólarinnar eða vegna ryksins, en hinn forni óvinur Rússlands hefur nú orðið þeirra tryggasti Guð og stuðningsmaður og heyrum við hann kalla hnattanna á milli með sitt þýska heróp og er hann í fullu fjöri og fylgjum honum.

Eru hér margir sama sinnis en þurfum við að ná árangri í styrjöld þessari, get ég nú ekki talað meira, verð ég að kveðja.

Verið þið sæl.

*Vertu sæll og gangi þér vel.*